



Samtakahópurinn, fundur haldinn 15.12.2025 kl. 13:30 í

Fjörheimum/ 88 húsinu, Hafnargötu 88

Mætt: Ragnhildur Birna Hauksdóttir, Ljiridonna Osmani, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Friðgerður Auðunsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Heiðrún Ósk Sigurðardóttir, Halla Karen Guðjónsdóttir, Halldór Garðar Hermansson, Sigrún Huld Auðunsdóttir, Jón Ragnar Magnússon, Melkorka Ýr Magnúsdóttir, Petra Wíum Sveinsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina

Fundargerð

Vika 6 umræður

Rætt var um *Viku 6*, árlega forvarnarviku sem hefur það að markmiði að efla kynheilbrigði og kynfræðslu fyrir börn og ungmenni. Í *Viku 6* er lögð áhersla á kynfræðslu sem miðar að því að efla jafnrétti, virðingu og vitund nemenda um réttindi, mörk og heilbrigð samskipti.

Við ræddum helstu markmið og gildi *Viku 6*, þar á meðal að skapa innan skólaumhverfis öruggt rými fyrir fræðslu og tengja það við forvarnarstarf sveitarfélagsins. Þá var rætt hvernig skólarnir í Reykjanesbæ eru þegar komnir af stað í vinnu við að samræma forvarnarstarf sitt í tengslum við *Viku 6*. Forvarnarhópurinn fagnaði þeirri þróun og lagði áherslu á mikilvægi samræmdrar nálgunar milli skóla, með það að markmiði að auka jafnt aðgengi að fræðslu fyrir börn og ungmenni í Reykjanesbæ.

Einnig voru umræður um *Viku 6* innan leikskóla og framhaldsskóla í Reykjanesbæ.

Tekin var ákvörðun um að halda áfram með umræður um viku 6 á næsta fundi en liður í því var að fá Ljiridonnu Osmani, námsráðgjafa frá Stapaskóla til að kynna fyrirkomulag Stapaskóla í viku 6.

Markmið og gildi Samtakahópsins

Forvarnarhópurinn ræddi erindisbréf og markmið hópsins og hvort tilefni væri til að endurskoða þau í ljósi breyttra aðstæðna. Bent var á að margt hafi þróast frá því erindisbréfið var upphaflega skrifað, meðal annars með stofnun forvarnarteyma innan grunnskólanna sem nú vinna í auknum mæli saman og í nánú samstarfi. Umræður beindust að því hvernig



hlutverk forvarnarhópsins samræmist þessari þróun og hvort skýra þurfi betur áherslur, hlutverk og gildi hópsins.

Í kjölfar umræðna var tekin ákvörðun um að næsti fundur verði nýttur í hópavinnu þar sem farið verður markvisst yfir erindisbréfið og það rýnt. Gert er ráð fyrir að allir þátttakendur kynni sér erindisbréfið vel fyrir næsta fund til að tryggja faglega og markvissa umræðu.

Einnig var rætt hvort starf forvarnarhópsins sé nægilega sýnilegt og hvort allir viðeigandi aðilar viti af tilvist hópsins og hlutverki hans, m.a. með tilliti til þess að hægt sé að leita til hópsins þegar áskoranir koma upp. Fjallað var um möguleikann á að fara í kynningarátak að lokinni endurskoðun á markmiðum og gildum hópsins til að auka vitund um starf hópsins og styrkja tengsl við skóla og aðra samstarfsaðila.

Fundi slitið kl. 14:30

Næstu fundur: fimmtudaginn. 8. janúar kl.13:30 í Fjörheimum/ 88 húsinu